



Reykjavíkurborg
b.t. starfshóps um mótun atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar
Tjarnargötu 11,
101 Reykjavík

Sent á athafnaborgin@reykjavik.is

Reykjavík, 4. mars 2022

Efni: Umsögn um drög að nýrri atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að nýrri atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 en drögin lágu fyrir í opnu samráði í febrúar 2022.

Hér að neðan er samantekt yfir helstu athugasemdir SI:

- Skapa þarf rými fyrir allar tegundir iðnfyrirtækja og búið sé vel að þeim innan borgarinnar með því að skapa þeim gott starfsumhverfi með öflugum innviði. Gæta þarf þess að þéttingarstefna borgarinnar leiði ekki til tjóns fyrir fyrirtækin og þess að fyrirtækin sjái engan annan kost en að færa starfsemina úr borgina og í nærliggjandi sveitarfélög.
- Samtökin fagna áherslu borgarinnar að auka samtal og upplýsingamiðlun milli borgarinnar og atvinnulífsins, sem ein leið til að draga úr vantrausti á milli aðila.
- Gæta þarf þess að sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar leiði ekki launapróun á vinnumarkaði heldur líti til tækifæra til að gæta aðhalds með það að markmiði að auka hagvöxt og stuðla að lækkingu vaxta.
- Nú er tíminn, sér í lagi þegar borgin setur sér markmið um að Reykjavík sé spennandi staður til að setja á fót og reka fyrirtæki, til að lækka fasteignaskatta.
- Minnka þarf yfirbyggingu innan borgarinnar og auka skilvirkni í stjórnsýslu.
- Leggja þarf áherslu á útvistun verkefna, útboðsmál og að draga úr samkeppnisrekstri borgarinnar.
- Nauðsynlegt og skynsamlegt að fjárfest sé í auknum mæli í opinberum innviðum.
- Leita þarf leiða til að lækka byggingarkostnað, dragar úr töfum í umsýslu borgarinnar í húsnæðismálum og fjölga úthlutuðum lóðum til byggingar.
- Fagnaðarefni að rík áhersla sé lögð á nýsköpun en nauðsynlegt að stutt sé við nýsköpun í öllum iðnaði, bæði hjá rótgrónum framleiðslufyrirtækjum og upprennandi sprotafyrirtækjum.
- Tryggja þarf stuðning við erlenda sérfræðinga og fjölskyldur þeirra en nauðsynleg forsenda fyrir uppbyggingu atvinnulífs sem byggir á hugviti í borginni er að til staðar sé sérfræðipækning og reynsla.
- Nauðsynlegt er að uppfæra hugtakanotkun varðandi skapandi greinar og gera greinarmun á menningu og listum annars vegar og hugverkaiðnaði hins vegar.

- Reykjavíkurborg hvött til að vanda til verka við val á reynslusögum úr athafna- og nýsköpunarlífi borgarinnar, þar sem tryggt er að umfjöllunin sýni þverskurð atvinnulífs í borginni þar á meðal framleiðslufyrirtæki í iðnaði.
- Samtök iðnaðarins lýsa vonbrigðum sínum með áhugaleysi borgarinnar á að hýsa nýjar höfuðstöðvar Tækniskólans, sem starfræktur hefur verið í borginni um lengri tíma, sem nú stendur til að byggja í Hafnarfirði.
- Mikilvægt að tryggja samvinnu og samtal Reykjavíkurborgar og atvinnulífs um grænar lausnir þar sem áhersla er á að borgin skapi hagræna hvata og samkeppnishæft starfsumhverfi fyrir slíka nýsköpun.
- Orkufyrirtæki á forræði Reykjavíkurborgar tryggi framboð á orku og trausta orkuinnviði.
- Reykjavíkurborg stuðli að samkeppni á markaði með meðhöndlun úrgangs og kanni hagræði þess að nýta sérhæfingu og reynslu einkafyrirtækja á þeim markaði.
- Reykjavíkurborg beiti sér fyrir hófstílltri gjalddöku fyrir móttöku á úrgangi. Þá þarf að tryggja aðgang að meðhöndlun úrgangs eftir að lokað verður á urðun í Álfsnesi 2023.

I. Sækjum tækifærin í iðnaði

Samtökin fagna því að standi til að uppfæra atvinnustefnu fyrir Reykjavíkurborg en skýr stefnumörkun er nauðsynlegur grunnur fyrir uppbyggingu blómlegs atvinnulífs. Þá fagna samtökin því jafnframt að nýsköpun sé veitt nauðsynleg viðurkenning en með því að setja orðið nýsköpun í heiti stefnunnar er tryggt að nýsköpun sé rauður þráður í allri atvinnusköpun í Reykjavík. Samtökin gera þó athugasemdir við efnistösk stefnudraganna sem að mati samtakanna koma eingöngu að hluta til móts við aðfinnslur iðnaðarins og ákall til Reykjavíkurborgar um breytingar í starfsumhverfi fyrirtækja í borginni.

Íslenskur iðnaður hefur átt stóran þátt í því að hífa þjóðina upp úr fátæku bændasamfélagi við upphaf 20. aldar yfir í það borgarsamfélag og þá velmegun sem við lifum við nú. Hefur greinin verið mótandi afl á tíma mikilla breytinga í atvinnuháttum og byggðarpróun síðustu 150 árin eða svo. Á þessum tíma vaxtar hefur iðnaður byggt þau íbúðarhús sem hýsa landsmenn, lagt vegi og byggt brýr sem tengja byggðir landsins, fætt og klætt, reist raforkukerfi, veitukerfi, gagnatengingar og búið til tæknilausnir sem gera daglegt líf íbúa þessa lands og annarra betra. Iðnaðurinn hefur þannig ekki einungis verið drifjöður atvinnusköpunar og aukinnar efnahagslegrar velmegunar landsmanna heldur einnig skapað nær allt er við kemur daglegu lífi.

Hefur greinin staðið undir stórum hluta hagvaxtar á þessum tíma og þannig átt mikilvægan þátt í því að færa Ísland úr hópi fátækustu þjóða Evrópu yfir í hóp hinna ríkustu. Ríflega 40 þúsund manns starfa nú í iðnaði hér á landi og hefur greinin aldrei verið jafn umfangsmikil. Skapar greinin nú með beinum hætti um fjórðung landsframleiðslunnar og 30% gjaldeyristekna þjóðarinnar. Ef tekið er tilliti til óbeins framlags greinarinnar til verðmætasköpunar þá er umfang hennar mun meira. Nú stendur heimurinn á tímamótum í grænum umskiptum og mun iðnaðurinn bera hitann og þungan af því að þróa nýjar lausnir og tækni til þess að minnka kolefnisfótspor borgarbúa.



Sagan kennir að borgarsamfélag þrífst best í góðri sambúð atvinnulífs og heimila. Byggð þar sem nýsköpun, iðnaður, verslun, þjónusta og önnur atvinnustarfsemi þrífst í bland við íbúðabyggð eykur framleiðni þjóðarbúsins og tryggir blómlegt samfélag öllum til heilla. Vilja Samtök iðnaðarins leggja áherslu á uppbyggingu byggðar Reykjavíkur í þeim anda.

Í inngangsorðum stefnunnar er sérstaklega fjallað um að borgin eigi að vera spennandi staður til þess að setja á fót og reka fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Fagna SI þeirri stefnumörkun og telja mikilvægt að aðgerðir borgarinnar endurspegli þá sýn. Skapa þarf rými fyrir allar tegundir iðnfyrirtækja og búið sé vel að þeim innan borgarinnar með því að skapa þeim gott starfsumhverfi með öflugum innviði. Með tilkomu áherslu borgarinnar um þéttingu byggðar hefur þrengt verulega að starfsemi iðnfyrirtækja sem hafa þurft og munu þurfa að færa starfsemi sína. Sé það vilji borgarinnar, eins og fram kemur í stefnunni, að í borginni sé hægt að reka fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum þarf að gæta þess umræddar breytingar leiði ekki til tjóns fyrir fyrirtækin og þess að fyrirtækin sjái engan annan kost en að færa starfsemina úr borgina og í nærliggjandi sveitarfélög. Slíkt myndi einfaldlega vinna gegn umræddum drögum að stefnu borgarinnar.

II. Aukið samráð við atvinnulífið

Forsenda framfara innan atvinnulífsins er virk samvinna og uppbyggilegt samtal á milli hagaðila um þær áskoranir og þau verkefni sem við stöndum frammi fyrir. Verkefnin eru ærin og snúa ekki síst að því að auka samkeppnishæfni Íslands í breiðum skilningi og tryggja góð lífsskilyrði til lengri tíma litið. Uppbyggilegt samtal fyrirtækja, og hagsmunasamtaka þeirra, við stjórnvöld er lykilþáttur í því. Samtökin fagna því áherslu borgarinnar að auka samtal og upplýsingamiðlun milli borgarinnar og atvinnulífsins, sem ein leið til að draga úr vantrausti á milli aðila.

Samtökin leggja til að á glæru 11 þar sem fjallað er um kjarnaáherslu 1. sameiginlegur skilningur; að í upptalningu aðila verði bætt við hagsmunasamtökum atvinnurekenda þar sem afstaða víðtæks hóps fyrirtækja hefur verið mótuð innan okkar veggja um langt skeið. Því er skilvirkt og árangursríkt fyrir borgina að auka samtalið þar á milli. SI hefur ríkan vilja til samstarfs við Reykjavíkurborg og mikinn metnað til þess að atvinnulíf borgarinnar megi verða sem blómlegast.

III. Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi forsenda samkeppnishæfni

Að mati Samtaka iðnaðarins er ein stærsta áskorunin, litið til næstu ára, að tryggja samkeppnishæft starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja og auka þannig framleiðni og innlenda verðmætasköpun. Starfsumhverfi sem einkennist af stöðugleika, hagkvæmni og skilvirkni er best til þess fallið að skapa íslenskum fyrirtækjum sterka samkeppnisstöðu. Slíkt umhverfi styrkir framboðshlið hagkerfisins. Gott og heilbrigt starfsumhverfi er grunnforsenda þess að fyrirtæki dafni og styðji við efnahagslega velsæld íbúa.

Stöðugt starfsumhverfi

Með stöðugu starfsumhverfi skapast skilyrði til aukinna fjárfestinga, framleiðnivaxtar og hagvaxtar til lengri tíma. Til að ná fram stöðuleika er mikilvægt að beita hagstjórnatækjum á sviði opinberra fjármála og peningamála með réttum hætti.

Það er ennfremur á ábyrgð vinnumarkaðarins að ganga í takt við stjórnvöld og hafa þar sveitarfélög stóru hlutverki að gegna sem stór þáttakandi í íslensku samfélagi og ekki síður sem atvinnurekandi. Aðgerðir sveitarfélaga á þessu sviði, og þá ekki síst Reykjavíkurborgar, geta haft mikil áhrif á stöðugleika fyrirtækja, enda geta samningar sveitarfélaga haft mikil áhrif á kjarasamninga á einkamarkaði. Gæta þarf þess að sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar leiði ekki launaþróun á markaði heldur líti til tækifæra til að gæta aðhalds með það að markmiði að auka hagvöxt og stuðla að lækkun vaxta.

Hagkvæmt starfsumhverfi

Með því að létta álögum af fyrirtækjum má skapa störf og auka verðmæti. Sveitarfélög, og þá ekki síst Reykjavíkurborg, leika þar stórt hlutverk enda leggja sveitarfélög töluverðar álögur á fyrirtæki í formi m.a. fasteignaskatta og annarra gjalda sem hafa áhrif á starfsumhverfi og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Samkvæmt reglugerð um fasteignaskatt 1160/2005 skal fasteignaskattur vera allt að 1,32% af fasteignamati atvinnueigna, t.d. iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæðis, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum. Sveitarstjórn er þó heimilt að hækka skattinn upp í 1,65%. Reykjavík nýtir sér þessa heimild nær að fullu en fasteignaskattur af fasteignamati atvinnuhúsnæðis í Reykjavík er 1,60%. Frá árinu 2016 hafa álagðir fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði í Reykjavík hækkað um nær 52%.

Tæplega helmingur af heildarverðmæti atvinnuhúsnæðis er staðsett í Reykjavíkurborg. Álagningarprósentan var lækkuð úr lögbundnu hámarki, 1,65%, niður í 1,6% á milli árána 2020 og 2021. Vegna hárrar álagningarprósentu ásamt háu fasteignaverði og magni atvinnuhúsnæðis er Reykjavík með yfir helming heildartekna af fasteignasköttum á atvinnuhúsnæði á landinu. Það þýðir að um önnur hver króna af fasteignasköttum á landsvísu rennur í borgarsjóð. Reykjavík er það sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu sem er með hæstu álagningarprósentuna.

Skattlagning þessi hefur aukist verulega á síðustu árum og er hún nú mjög há bæði í sögulegu og alþjóðlegu ljósi. Álagðir fasteignaskattar eru t.d. mun hærri hér en á Norðurlöndunum og í öðrum löndum Evrópu sem við berum okkur saman við. Tekjur sveitarfélaganna vegna fasteignaskatta voru um 0,9% af landsframleiðslu á árinu 2019 samanborið við 0,2% í Noregi og um 0,4% í Finnlandi og Svíþjóð.

Á undanförunum árum hafa fasteignaskattar orðið sífellt meira íþyngjandi fyrir atvinnurekendur á Íslandi. Það skýtur skökku við að skattar á atvinnuhúsnæði séu í hækkunartakti sem er mun hraðari en verðmætasköpun í hagkerfinu. Auk þess eru reglur um útreikninga fasteignaskatta afar óheppilegar. Álagning fasteignaskatta er beintengd við þróun fasteignamats sem aftur þróast í takt við húsnæðisverð. Fyrirkomulagið sem er við lýði veldur því ófyrirsjáanleika sem er afar óhentugt fyrir atvinnustarfsemi í landinu. Það er því á ábyrgð sveitarfélaganna að lækka álagningarprósentuna á tímum hækkandi fasteignaverðs og koma þannig til móts við fyrirtækin, en ekki að líta á það sem svo að með hækkandi fasteignamati sé skattstofn þeirra að þenjast út. Þessi háa skattlagning dregur úr samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og þar með getu fyrirtækja til að skapa störf og verðmæti.



Nú er tíminn, sér í lagi þegar borgin setur sér markmið um að Reykjavík sé spennandi staður til að setja á fót og reka fyrirtæki, til að lækka fasteignaskatta – með því er stutt við aukna samkeppnishæfni fyrirtækja innan borgarmarkanna.

Skilvirkt starfsumhverfi

Minni yfirbygging og aukin skilvirkni í stjórnsýslu

Aðgerðir sem miða að því að auka skilvirkni, t.d. með því að gera regluverk einfalt og skýrt og eftirlitið skilvirkt, eru til þess fallnar að auka framleiðni. Samtökin fagna því áherslu borgarinnar að skapa gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar m.a. með því að bæta þjónustu Reykjavíkurborgar við atvinnulífið með auðskiljanlegri, skilvirkri, stafrænni og fjárfjárlegri þjónustu. Er til mikils að vinna, bæði til hagsbóta fyrir Reykjavíkurborg og atvinnulífið.

Hér ber þó að nefna að í dag starfa 16,5% starfandi borgarbúa hjá Reykjavíkurborg. Þessi tala fer hækkandi ár frá ári og virðist ekki stefnt að fækkun starfsmanna þrátt fyrir að stafræn umbreyting á þjónustuferlum borgarinnar sé hafin. Þrátt fyrir aukinn starfsmannafjölda upplifa fyrirtæki í borginni ekki aukna þjónustu né skilvirkni í stjórnsýslunni heldur þvert á móti. Leita þarf leiða til þess að auka framleiðni í þjónustu borgarinnar.

Stuðla að heilbrigðri og virkri samkeppni

Aðgerðir sem miða að því stuðla að heilbrigðri og virkri samkeppni, þar sem jafnræðis er gætt, eru ennfremur mikilvægar til að skapa skilvirkt starfsumhverfi fyrirtækja. Samtökin gera því athugasemdir við það að ekki sé lögð sérstök áhersla á útvistun verkefna, útboðsmál og að draga úr samkeppnisrekstri borgarinnar í fyrirliggjandi stefnudrögum.

SI, og félagsmenn þeirra, hafa ítrekað gagnrýnt samkeppnisrekstur og útboð á vegum borgarinnar. Hér ber til að mynda að nefna þjónustusamning borgarinnar við Orku náttúrunnar um LED-væðingu götulýsingar í borginni sem enn hefur ekki verið boðin út sem og innleiðingu borgarinnar á stafrænum ferlum með ráðningu um 45 til 60 sérfræðinga. Ennfremur er rétt að benda á að að þátttaka í hönnunarsamkeppnum sem og útboðum er kostnaðarsöm og tímafrek og eru fyrirtæki í viðkvæmri stöðu gagnvart borginni t.a.m. varðandi hugverkaréttindi. Upplýsingamiðlun er oft ábótavant, eftirfylgni tekur of langan tíma og innleiðing á keyptum lausnum hefur ekki alltaf heppnast vel. Þá hefur samtökunum þótt aukin innhýsing borgarinnar á verkefnum sem atvinnulífið er betur í stakk búið til þess að sinna beinlínis til þess fallin að grafa undan þeirri uppbyggingu atvinnulífs sem stefnt er að í drögum.

Það er til mikils að vinna fyrir Reykjavík sem og fyrirtækin að hér sé vandað betur til verka. Leggja þarf ríka áherslu á bætt gæði útboðsgagna og undirbúning verkefna þar sem mikilvægt er að gerð verk- og kostnaðaráætlana sé vel ígrunduð og útfærð. Með því getur borgin komið í veg fyrir að atvinnulífið leggi í óþarfa kostnað en með betri undirbúningi er einnig hægt að tryggja að borgin lendi ekki í ófyrirséðum kostnaði þegar verkefni eru hafin. Ennfremur er eðlilegt að borgin dragi markvisst úr samkeppnisrekstri sínum við fyrirtæki á einkamarkaði og stuðli þannig að heilbrigðri og virkri samkeppni.

IV. Innviðir

Samkvæmt hugtökum í stefnunni vísa innviðir til tæknilegra innviða á borð við vegi, hafnir, kerfi og lagnir sem og samfélagslegra innviða eins og góðir skólar, almennarými, listasöfn og friðsæl græn svæði sem og þjónustuinnsviða.

Tæknilegir innviðir

Samtök iðnaðarins benda á að það er bæði nauðsynlegt og skynsamlegt að fjárfest sé í auknum mæli í opinberum innviðum en með fjárfestingu í innviðum er dregið úr uppsafnaðri þörf á því sviði. Traustir innviðir, eins og samgöngur, er forsenda öflugs atvinnulífs en saman mynda þessir innviðir lífæðar samfélagsins. Með fjárfestingum í innviðum er fjárfest í lífsgæðum, samkeppnishæfni atvinnulífsins og hagvexti til framtíðar lítið. Fjárfestingar voru litlar í hagkerfinu lengi framan af síðustu efnahagsuppsveiflu. Sem afleiðing af því myndaðist mikil uppsöfnuð þörf fyrir viðhald og nýfjárfestingar í innviðum, m.a. í samgöngumálum.

Samfélagslegir innviðir

Tillögur um nýsköpunar- og þekkingarkjarna innan borgarinnar í kafla 3 gefa fyrirheit um spennandi tíma fyrir áframhaldandi uppbyggingu nýsköpunar hér á landi. Þegar lagður er grunnur að starfsaðstöðu fyrir sprotafyrirtæki er mikilvægt að hafa í huga að frumkvöðlar í ákveðnum greinum hátækni nýta ekki aðeins hugbúnað til þess að þróa vöru heldur krefst rannsóknar- og þróunartímabilið þess að þau hafi aðgang að flóknum og sérhæfðum tækjabúnaði, aðstöðu til prófana og aðgang að þekkingu. Þetta átti við um upphafsár margra þekktustu fyrirtækja landsins í dag en Marel, Controlant og Nox Medical eiga það öll sameiginlegt að varan er fysísk eining sem þurfti að smíða og prófa við ákveðnar aðstæður. Þá er sérstaklega vert að taka fram að lítil sem engin aðstaða er fyrir líftækniþrota til þess að þróa og rannsaka sínar lausnir. Líftækni iðnaður er ört vaxandi á heimsvísu og því væri til mikils að vinna að íslenskt samfélag tryggði viðhlítandi stuðning fyrir líftækniþrota.

Húsnæðisuppbygging

Samtökin vilja benda á að skortur á framboði húsnæðis hefur skaðleg áhrif á bæði almenning og atvinnulífið og er því ávinningurinn af umbótum á húsnæðismarkaði mikill. Aðgengi að húsnæði helst í hendur við blómlegt atvinnu- og nýsköpunarumhverfi. Núverandi starfsumhverfi byggingarmála er því miður óskilvirkt og óhófleg reglubyrði eykur jafnframt flækjustig. Boðleiðir eru langar og ákvarðanatataka tímafrek. Niðurstaðan er sú að of fáar íbúðir eru byggðar miðað við þarfir markaðarins. Ráðast þarf í þarfar umbætur á regluverki byggingar- og mannvirkjagerðar í þeim tilgangi að einfalda það og auka sveigjanleika með það að markmiði að skapa starfsumhverfi þar sem stöðug húsnæðisuppbygging á sér stað, byggð á þörfum hverju sinni og gæðum.

Kostnaður við húsnæðisuppbyggingu er jafnframt hár sem hamlar uppbyggingu húsnæðis á viðráðanlegu verði. Hér vilja samtökin benda á þann viðbótarkostnað sem hlýst af uppbyggingu á þéttingarreitum borgarinnar sem og álagningu innviðagjalda. Hvoru tveggja hefur áhrif á íbúðaverð, til hækkunar. Leita þarf leiða til að lækka byggingarkostnað, draga úr töfum í umsýslu borgarinnar í húsnæðismálum bæði á skipulags- og byggingarstigi, og fjölga úthlutuðum lóðum til byggingar.

V. Nýsköpun

Stuðningur við erlenda sérfræðinga

Í kafla 3 er fjallað um mikilvægi þess að rétt hæfni og þekking sé til staðar í Reykjavíkurborg. SI hafa um árabil bent á nauðsyn þess að ákveðin sérþekking verði sótt út fyrir landsteinana vegna gríðarlegs skorts á mannauði og réttri hæfni hér á landi. Forsenda þess að nýsköpunarfyrirtæki vaxi er rétt þekking og færni, án mannauðs er blómlegur hugverkaiðnaður í borginni óhugsandi. Samtökin hafa unnið kortlagningu á hvers konar hæfni vantar og greint hversu rík þörfin er. Því hvetjum við Reykjavíkurborg til þess að eiga samtal við samtökin um þetta málefni þar sem þekkingin er svo sannarlega fyrir hendi. Fjöldi erlendra sérfræðinga hér á landi hefur aukist ár frá ári en nefnd á vegum Rannís sem hefur það hlutverk að ákvarða hvort tiltekinn erlendur sérfræðingur uppfylli skilyrði til þess að hljóta skattfrádrátt frá tekjum sínum um skamman tíma hefur fengið 581 umsókn á síðustu fimm árum. Þar af bárust 196 umsóknir á árinu 2021. Þannig kom þriðjungur umsókna yfir fimm ára tímabil á síðasta ári og má leiða líkum að því miðað við sára þörf hugverkfyrirtækja á réttum mannauði að þessi fjöldi eigi eftir að aukast. Mikilvægt er að borgin vinni ekki einungis að því að fjölga þessum sérfræðingum heldur tryggi stuðning fyrir þau og fjölskyldur þeirra. Þannig þarf að tryggja börnum aðgengi að skólum og leikskólum og sinna upplýsingaskyldu um úrræði á vegum borgarinnar til þessara fjölskyldna af kostgæfni.

Skilgreiningar og hugtakanotkun

Fagnaðarefni er að sjá að borgin taki undir málflutning samtakanna um að mikilvægt sé að styðja við hugverkaiðnað með því að leggja áherslu á hugvitsdrifnar útflutningsgreinar. Allir aðilar þurfa að vera á sömu blaðsíðu hvað varðar ólíkar þarfir ólíkra greina. SI hafa lagt áherslu á að gerður sé greinarmunur á hugverkaiðnaði annars vegar og skapandi greinum hins vegar en aðilar sem tilheyra þessum tveimur flokkum hafa ólíkar þarfir og viðskiptagrundvöll. Mikilvægt er því að greina á milli menningar og lista annars vegar og nýsköpunar, rannsóknar og þróunar sem fyrst og fremst á sér stað í iðnaði, sérstaklega hugverkaiðnaði. Telja samtökin nauðsynlegt að í stefnu borgarinnar sé gerður greinarmunur á þessu tvennu og hugtakanotkun uppfærð.

Rótgróin framleiðslufyrirtæki

Samtökin fagna því að sérstök áhersla verði lögð á hugvitsdrifnar útflutningsgreinar en leggja jafnframt áherslu á að nýsköpun á sér einnig stað í rótgrónum fyrirtækjum í framleiðsluiðnaði. Framleiðslufyrirtæki eiga stóran þátt í fjölbreyttu atvinnulífi borgarinnar og má sem dæmi nefna framleiðslu húsgagna, tækja og véla, prentverk og vinnsla úr endurvinnsluefnum og málmum. Rótgróin framleiðslufyrirtæki standa frammi fyrir svipuðum áskorunum í nýsköpun, framleiðni, gæðastjórnun, umhverfismálum, birgðastjórnun og framleiðslustýringu. Samtökin hvetja Reykjavíkurborg til þess að huga jafnframt að starfsumhverfi þeirra.

VI. Ímynd

Samtökin fagna því að lögð verði áhersla á reynslusögur úr athafna- og nýsköpunarlífi borgarinnar og hvetja borgina til þess að vanda til verka við val á fyrirtækjum, þ.e. að umfjöllunin sýni þverskurð af atvinnulífi borgarinnar.

Samtökin telja þörf á því að auka sýnileika framleiðslufyrirtækja í iðnaði og þau jákvæðu skref sem tekin hafa verið undanfarin ár. Þer þar helst að nefna umhverfisvæn skref í framleiðslu, vottanir, samfélagslega ábyrgð, gæði íslenskrar framleiðslu og góð starfsskilyrði.

VII. Menntun

Menntunarstig hvers samfélags hefur veruleg áhrif á hagsæld þess og því mikilvægt að byggja hér upp og viðhalda öfluggu menntakerfi. Efnahags- og framfararstofnunin, OECD, hefur bent á að hér á landi séu vísbendingar um færnimissræmi á vinnumarkaði þar sem fleiri iðnmenntaða vanti á vinnumarkað og fleiri tæknimenntaða á háskólastigi. Samtök iðnaðarins vilja í því samhengi fagna þeirri áherslu borgarinnar á að skoða hvaða hæfni og þekkingu skortir í borginni og tryggja að hún sé til staðar. Er hér ákveðin viðleitni til að takast á við það færnimissræmi sem íslenskt atvinnulíf stendur frammi fyrir en að mati samtakanna má ganga lengra. Hér vilja Samtök iðnaðarins lýsa vonbrigðum sínum með áhugaleysi borgarinnar á að hýsa nýjar höfuðstöðvar Tækniskólans, sem starfræktur hefur verið í borginni um lengri tíma, sem nú stendur til að byggja í Hafnarfirði.

VIII. Orku- og umhverfismál

SI fagna yfirferð í 5. kafla, þ.e. *Grænn vöxtur*, þar sem ríkur samhljómur er í máli Reykjavíkurborgar og samtakanna á þá vegu að þróun lausna hér á landi er framfaraspor í umhverfismálum jafnt hér á landi sem og erlendis. Því er mikilvægt að halda á lofti þeim sjónarmiðum að atvinnustarfsemi hér á landi, sem m.a. nýtir nærri 100% endurnýjanlega orku, er eitt okkar helsta framlag til aðgerða gegn loftslagsbreytingum á alþjóðavísu og mikilvægt er að efla alla umræðu og aðgerðir á þá vegu.

Að sama skapi styðja samtökin markmið í tölulíð 5.1 þar sem sett er fram sú sýn að hvetja til og styðja við græn nýsköpunarverkefni. Benda SI á í þessu samhengi að tæknilausnir til að takast á við áskoranir í loftslagsmálum verða ekki til hjá stjórnvöldum heldur mun atvinnulífið skipta þar sköpum. Því er mikilvægt að hið opinbera, jafnt ríki sem og sveitarfélög, skapi hagræna hvata og starfsumhverfi til að stuðla að slíkri þróun og nýsköpun.

Hins vegar er ljóst að markmið um grænan vöxt, orkuskipti, samdrátt í kolefnisútbæstri og jákvæð skref fram á við á þessu sviði munu ekki nást nema til staðar sé næg raforka og traustir raforkuinnviðir. Eins og öllum má vera ljóst eru blikur á lofti um framboð og afhendingu á raforku sem endurspeglast hefur í viðvarandi raforkuskorti síðustu mánuði og enn sér ekki fyrir endann á. Í þessu samhengi benda SI á að Reykjavíkurborg á meirihluta í næst stærsta raforkuframleiðslufyrirtæki hér á landi, sem bæði annast framleiðslu sem og dreifingu á raforku, þ.e. Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög þeirrar samstæðu. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg taki til skoðunar hvort og hvernig þau fyrirtæki borgarinnar geti lagt lóð sín á vogarskálar þess að tryggja fullnægjandi framboð á raforku, bæði framleiðslu og dreifingu þess, til að standa undir auknum grænum vexti í samræmi við fyrirliggjandi drög að atvinnu- og nýsköpunarstefnu.



SI hafa áður vakið athygli Reykjavíkurborgar á starfsumhverfi er viðkemur meðhöndlun úrgangs þar sem samtökin hafa ítrekað mikilvægi þess að starfsemi Sorpu bs., sé með þeim hætti að samkeppni á markaði verði ekki raskað, en fyrir liggja m.a. ábendingar Samkeppniseftirlitsins um ýmsa ágalla í þeirri starfsemi vegna markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins. Í þessu samhengi hvetja samtökin borgina til að taka til skoðunar að nýta sérhæfingu og reynslu fyrirtækja á sviði úrgangsmála og líta til aukinnar útvistunar verkefna, sbr. fyrirkomulag slíkra mála í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkurborgar. Slík útvistun getur einnig stuðlað að auknu samræmi hvað varðar flokkun úrgangs. Þá telja samtökin verulega áriðandi að óvissu verði eytt sem allra fyrst um hvað taki við þegar lokað verður á urðun í Álfsnesi árið 2023. Þá er mikilvægt einnig að gjaldtaka Reykjavíkurborgar fyrir móttöku á og meðhöndlun úrgangs sé hófstíllt og endurspegli raunverulegan kostnað fyrir meðhöndlun á úrgangi.

Er viðkemur meðhöndlun úrgangs, sem og það ástand sem uppi er vegna lokunar í Álfsnesi, er mikilvægt að huga að því hvernig unnt er að draga úr þeim úrgangi sem leitað hefur í þann farveg. Mikilvægt er því að halda opnu samtali borgarinnar og atvinnulífs um möguleika á að draga úr úrgangsmyndun og skapa verðmæti úr úrgangi þeim sem áður hefur fallið til ónýttur. Falla slíkar áherslur vel að markmiðum sem fram koma m.a. í tölulíðum 5.2 og 5.3.

Virðingarfyllst,



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI